

**Dætur á heimæðum.****13. gr.**

Óheimilt er að tengja vatnsdætur við heimæðar, nema skriflegt leyfi Hitaveitunnar sé fyrir hendi og þannig sé frá dælu gengið, að ekki valdi óþægindum.

**Viðurlög við brotum.****14. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Nú vanrækir maður að vinna verk, sem Hitaveitan hefur fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari eða verk er ekki unnið á viðeigandi hátt, og er þá Hitaveitunni heimilt að láta vinna það, sem þörf krefur, á kostnað hlutaðeigandi aðila.

Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi aðila með lögtaki, ef þörf krefur.

Reglugerð þessi, sem samín er og samþykkt af hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. september 1971.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Haltgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 202 11. september 1970 um lánveitingar  
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins.**

12. gr. orðist svo:

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita framkvæmdalán, meðan á byggingatíma stendur, til þeirra aðila, sem um getur í b-lið 2. gr. reglugerðar þessarar, allt að 600 þús. krónur út á hverja íbúð. Lán þessi verða einungis veitt til íbúða í fjölbýlishúsum og öðrum sambyggingum, enda sé um hæfilega stóra byggingaráfanga að ræða að dómi húsnæðismálastjórnar. Heimilt er þó að veita lán þessi til byggingar staðlaðra einbýlishúsa, sem byggð eru af sama aðila á sama byggingarsvæði, enda sé ekki um færri en 8 íbúðir að ræða í byggingaráfanga. Þegar í hlut á fámennit sveitarfélag og sveitarstjórn þess er framkvæmdaaðili er þó heimilt að víkja frá kröfunni um minnst 8 íbúðir í byggingaráfanga, svo og um stöðlun slíkra íbúða. Það er skilyrði fyrir slíkum lánnum að íbúðirnar verði seldar fullgerðar og húsnæðismálastjórn samþykki söluverð þeirra. Húsnæðismálastjórn ákveður vexti og greiðslutilhögun slíkra framkvæmdalána, og er heimilt að dreifa greiðslum á 12 til 24 mánuði eftir umfangi hvers byggingaráfanga um sig.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 12. maí 1970, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. september 1971.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*